



Þjóðhagsspá 2020-2022



Aðlögun í byrjun áratugar

Helstu niðurstöður þjóðhagsspár



Samdráttur ekki í kortunum en aðlögun tekur tíma.
1,4% hagvöxtur í ár en 2,3% vöxtur árið 2021 og 2,4% vöxtur árið 2022.



Útflutningur nær sér hægt og sígandi á strik.
Útflutningur vex um 0,4% í ár um 2,0% árið 2021.



Áfram verður afgangur af utanríkisviðskiptum.
2,8% af VLF í ár en 2,5% af VLF árið 2021.



Verðbólga hófleg á komandi misserum.
2,2% á þessu ári en 2,6% árið 2021.



Stöðugur vöxtur kaupmáttar þrátt fyrir fremur hóflega hækkun launa.
2,2% í ár en 2,1% árið 2021.



Atvinnuleysi allnokkurt á komandi misserum.
4,4% í ár og 3,8% á árinu 2021.



Kreppan er ekki hér... sem betur fer

Aðlögun hagkerfisins eftir mikið vaxtarskeið verður líklega léttbærari en horfur voru á

Óhætt er að segja að undanfarinn áratugur hafi verið gjöfull tími í íslenskum efnahag. Eftir alvarleg áföll í lok fyrsta áratugar aldarinnar eru lífskjör á flesta mælikvarða orðin jafngóð eða betri en þau voru fyrir bankahrunið 2008. Helsta skýring þessa er að þriðja auðlindin, þ.e. sérstaða Íslands og íslenskrar náttúru, bættist við fiskimiðin og endurnýjanlega orku sem meginundirstaða útflutningstekna. Auk þess tókst farsælega til við úrlausn mála tengdra bankahruninu og árangursrík hagstjórn hefur einnig lagt lóð á vogarskálarnar.


Fyrirliggjandi tölur fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2019 gefa þó skýrt til kynna viðsnúning eftir bakslag í ferðapjónustu í ársbyrjun. Hagvöxtur mældist 0,2% á tímabilinu. Þjóðarútgjöld skruppu hins vegar saman um 0,9% á sama tíma en hagstætt framlag utanríkisviðskipta vó á móti.

Útlit er fyrir að hagvöxtur hafi verið 0,3% á árinu 2019 í heild. Snarpur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuvega og þjónustuútflutningi vegst þar á við vöxt neyslu og mikinn samdrátt innflutnings.

Á yfirstandandi ári gerum við ráð fyrir fremur hægum vexti, eða 1,4%, drifnum af hóflegum vexti innlendrar eftirspurnar. Meiri kraftur færast svo í vöxtinn árin 2021 og 2022 að mati okkar en þá spáum við 2,3% og 2,4% vexti eftir því sem meiri þróttur færast í einkaneyslu og útflutning á nýjan leik.


Verg landsframleiðsla og framlag undirliða

Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Verg landsframleiðsla, þjóðarútgjöld og utanríkisviðskipti

Magnbreyting frá fyrra ári (%)





Ferðapjónustan fullorðnast

Útlit fyrir svipaðan fjölda ferðamanna í ár og í fyrra og hóflega fjölgun eftir það

Ágjöf í ferðapjónustu snemma á árinu 2019 leiddi til samdráttar í útflutningstekjum greinarinnar og minni afgangi af þjónustuviðskiptum. Ferðapjónusta skilar þó ennþá jafnvirði nærri fjögurra af hverjum tíu krónum í gjaldeyristekjum þjóðarbúsins og ríður baggamuninn um að talsverður afgangur mun væntanlega reynast áfram af utanríkisviðskiptum.


Tekjur af erlendum ferðamönnum námu 382 mö.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2019 sem svarar til ríflega 8% samdráttar í krónum talið á milli ára. Á sama tímabili skilaði sjávarútvegur alls 192 ma.kr. tekjum og álútflutningur 161 ma.kr. tekjum.

Erlendir ferðamaður voru tæplega 2 milljónir talsins á síðasta ári og árið var þar með þriðja stærsta ferðamannaárið frá upphafi þrjátíu fyrir 14% fækkun á milli ára.

Útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna verði svipaður í ár og í fyrra ef marka má nýlega spá ISAVIA. Þá er að mati okkar komið að þáttaskilum í ferðapjónustu þar sem hagræðing og háværkun virðisauka af hverjum ferðamanni tekur við af örum vexti vegna hraðra fjölgunar ferðamanna.

Okkar áætlun hljóðar því upp á u.þ.b. 3% fjölgun ferðamanna á hvoru áruna 2021-2022 sem er í takti við spár um fjölgun ferðamanna á heimsvísu.

Þjónustuútflutningur og hagvísar úr ferðapjónustu % breyting milli ára





Útanríkisviðskipti þrautseigari en vænst var

Óvenjuleg þróun 2019 speglast þó í fremur óhagstæðri þróun í ár

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var umtalsverður í fyrra þrátt fyrir fækkun ferðamanna og loðnubrest. Vöruskiptahalli nam 109 mö.kr. en útlit er fyrir að þjónustuviðskipti hafi skilað afgangi upp á ríflega 200 ma.kr. á síðasta ári.

Vöruskiptahalli á nýliðnu ári var raunar sá minnsti frá árinu 2015. Meginástæða þessa er snarpur samdráttur í innflutningi en þróun útflutnings var einnig jákvæðari en vænst var. Að sama skapi var samdráttur þjónustuútflutnings heldur hóflegri og samdráttur þjónustuinnflutnings öllu meiri en vænta mátti.


Þessi hagfellda þróun árið 2019 mun hins vegar speglast í tiltölulega óhagstæðri innbyrðist þróun inn- og útflutnings í ár. Útlit er fyrir mjög hægan vöxt í útflutningi en að innflutningur, sér í lagi vöruinnflutningur, muni aukast talsvert meira.

Horfur eru á að útflutningur taki við sér að nýju á næsta ári með hóflegum vexti í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Á móti dregur heldur úr vexti innflutnings að mati okkar.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verður því talsvert neikvætt á þessu ári en nokkurn veginn hlutlaust árin 2021 og 2022.


Innflutningur og framlag helstu undirliða

%



Útflutningur og framlag helstu undirliða

%





Útlit fyrir áframhaldandi viðskiptaafgang

Hagvöxtur og viðskiptaafgangur loksins farnir að ganga í takt

Viðskiptajöfnuður við útlönd hefur á lýðveldistímanum lengst af einkennst af nær stöðugum halla og í kjölfarið erlendri skuldasöfnun. Undanfarinn áratug hefur þó orðið hér grundvallarbreyting á. Viðskiptaafgangur hefur verið reglan allt frá árinu 2012 þótt á ýmsu hafi gengið í hagkerfinu.


Þrátt fyrir þung högg á útflutningsgreinar árið 2019 lítur út fyrir að viðskiptaafgangur hafi verið með myndarlegra móti það ár. Áætlum við að afgangurinn hafi numið u.þ.b. 120 mö.kr. (4,2% af VLF).

Við spáum því að viðskiptaafgangur muni nema 2,8% af VLF í ár en minnka í 2,3% við lok spátímans. Verður 2022 samkvæmt því 11. árið í röð með afgangi af utanríkisviðskiptum.


Hrein erlend staða þjóðarbúsins mun því væntanlega halda áfram að batna en erlendar eignir umfram skuldir námu tæplega fjórðungi af VLF í lok september sl.

Jákvæð erlend staða þjóðarbúsins stuðlar að hærra jafnvægisraungengi en ella væri þar sem fjármagnstekjur erlendis frá ættu að jafnaði að vera meiri en fjármagnsgjöld.

Viðskiptajöfnuður % af VLF*



Viðskiptajöfnuður og hagvöxtur





Fjárfesting á leið í jafnvægi eftir sveiflutíð?

Vaxtarskeiði í íbúðafjárfestingu að ljúka en lifnar yfir fjárfestingu atvinnuvega á ný


Fjármunamyndun lét nokkuð undan síga á árinu 2019 eftir samfelldan vöxt 5 árin á undan. Vöxtur íbúðafjárfestingar var þó kraftmikill en samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega og hins opinbera vó þó að mati okkar þyngra. Áætlum við að heildar fjárfesting hafi skroppið saman um 5,6% árið 2019 frá árinu á undan.

Horfur eru á að fjárfesting taki við sér að nýju á þessu ári og vaxi um ríflega 5% á heildina lítið. Þar munar mestu um liðlega 6% vöxt atvinnuvegafjárfestingar eftir tvö samdráttarár. Þá teljum við að fjárfesting hins opinbera taki einnig við sér í ár en að á móti hægi verulega á vexti íbúðafjárfestingar.


Næstu tvö ár mun fjárfesting atvinnuvega áfram bera hitann og þungann af vexti í fjármunamyndun. Við gerum hins vegar ráð fyrir samdrætti í íbúðafjárfestingu árið 2021 og fjárfestingu hins opinbera árið 2022. Alls spáum við 2,2% vexti fjárfestingar árið 2021 og 2,5% vexti árið 2022.

Fjárfestingarstigið í hagkerfinu mun nema ríflega fimmtungi af landsframléiðslu öll ár spátímans og verður fjárfesting í heild því á ágætu róli í sögulegu ljósi þrátt fyrir að vöxturinn verði hægari en við höfum átt að venjast að jafnaði síðustu áratugi. Teljum við að sú þróun skýrist meðal annars af því að vandséð er að nokkur atvinnugeiri muni bjóða upp á arðsöm fjárfestingartækifæri í sama mæli og útflutningsgreinar okkar hafa gert undanfarna áratugi.

Fjárfesting % af VLF



Fjárfesting, raunbreyting og framlag helstu undirliða %





Raunverð íbúða stendur í stað

Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar lykilástæða


Raunverð íbúða og kaupmáttur launa eru tvær stærðir sem hafa fylgst vel að til lengri tíma litið. Árið 2017 hækkaði raunverð íbúða þó margfalt hraðar en kaupmáttur launa þar sem íbúðamarkaður litaðist um það leyti af framboðsskortri og mikilli eftirspurn.

Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar og dvínandi eftirspurn hefur þó dregið úr þrýstingi á markaði og má sjá mun betra samræmi á milli raunverðs íbúða og kaupmáttar launa að undanfögnu. Íbúðafjárfesting óx líklega um ríflega 30% á síðasta ári og er útlit fyrir vaxandi framboð nýrra íbúða á spátímabilinu. Við teljum að íbúðafjárfesting vaxi um 2,5% á þessu ári, skreppi saman að nýju um 2,0% árið 2021 en hækki á ný um 4,0% árið 2022.


Raunverð íbúða hækkaði um 0,4% árið 2019 frá árinu á undan. Er það minnsta raunverðshækkun frá árinu 2012. Við gerum ráð fyrir því að raunverð íbúða hækki að jafnaði um 0,6% á hverju árunum 2020-2022.

Það sem styður þessa skoðun okkar er einna helst aukið framboð íbúða, hægari kaupmáttaraukning, aukið atvinnuleysi ásamt hægari fjólsfjölgun. Hagstæð kjör á íbúðalánum auk stuðnings hins opinbera við kaupendur styðja hins vegar áfram við verðið. Má segja að þessi þróun á íbúðamarkaðnum sé að mörgu leyti kærkomin. Meiri ró hefur fæst yfir markaðinn eftir ólögutímabil síðustu ár.

Raunverð íbúða og kaupmáttur launa Breyting milli ára, %



Fjárfesting í íbúðarhúsnæði og raunverð íbúða Ma.kr. (v. ás) og vísitala (h. ás)





Eru heimilin farin að dempa hagsveifluna?

Hægt hefur á einkaneysluvexti en aukin neysla innan landsteinanna hjálpar við aðlögun


Síðustu ár hefur einkaneysluvöxtur verið hraður enda hefur kaupmáttur launa vaxið hratt, atvinnuleysi lágt, fólksfjölgun umtalsverð og landsmenn almennt nokkuð bjartsýnir. Öfugt við síðustu uppsveiflu hafa skuldir heimila í stórum dráttum haldist hóflegar og sparnaður verið talsverður.

Undanfarið hefur hægt á vexti einkaneyslu. Hægastur mældist vöxturinn 1,6% á 2F 2019 en neysla íslenskra heimila virðist þó heldur hafa sótt í sig veðrið á síðari helmingi ársins.

Neyslan beinist í auknum mæli að innlendum vörum og þjónustu sem merkja má á því að raunvöxtur innlendra kortaveltu hefur verið talsvert hraðari en vöxtur veltu utan landsteinanna. Þessi þróun er að hinu góða að því leyti að hún dregur úr áhrifum hægari einkaneysluvaxtar á þá geira sem selja landsmönnum þjónustu sína og neysluvörur.

Horfur eru á að heimilin verði til þess að dempa hagsveifluna á komandi fjórðungum öfugt við undanfarna áratugi. Virðast æ fleiri íslensk heimili vera að temja sér ráðdeild og langtímahugsun í neysluhegðun sinni.

Einkaneysla og tengdir hagvísar % breyting milli ára (v. ás) og vísitala (h. ás)





Hægari einkaneysluvöxtur framundan

Heimilin hafa sniðið sér stakk eftir vexti og ekki eytt um efni fram undanfarin ár


Talsverð spenna einkenndi vinnumarkaðinn í kring um miðbik síðasta áratugar. Hratt dró úr atvinnuleysi og hækkun launa var hröð. Þenslan á vinnumarkaði náði hámarki á árunum 2016-2018. Árið 2016 hækkaði launavísitalan um 11,4% og árið 2018 náði atvinnuleysi lágmarki í 2,7%.

Á síðasta ári varð hins vegar talsverður viðsnúningur á vinnumarkaði. Atvinnuleysi jókst um u.þ.b. prósentu af vinnuafli og hækkun launa var sú hóflegasta frá árinu 2010. Gjaldprot WOW air og samdráttur í ferðaþjónustu skýra þessa þróun að stórum hluta ásamt hagræðingu í bankakerfinu og víðar.


Þrátt fyrir að undirritun lífsskjarasamningsins hafi verið í heild sinni jákvæð er enn nokkur óvissa á vinnumarkaði þar sem enn á eftir að semja við opinbera starfsmenn. Við spáum að atvinnuleysi verði hæst á þessu í 4,4% og lækki í 3,0% árið 2022. Þá gerum við ráð fyrir að kaupmáttarvöxtur verði rétt um 2,0% á ári hverju 2020-2022.

Þróun á einkaneyslu skiptir miklu máli fyrir hagvöxt héraðs. Síðustu ár hefur einkaneysla vegið þungt til hagvaxtar og skýrt um helming af landsframleiðslunni. Við teljum að hægari vöxtur einkaneyslu sé fram undan en jákvæð staða heimilanna hjálpar þó talsvert í þeim efnum. Við spáum því að hann verði 1,7% á næsta ári en aukist í 2,8% undir lok spátímans.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli og launavísitala %



Kaupmáttur og einkaneysla % breyting milli ára





Krónan í ágætu jafnvægi nú um stundir

Allgóðar horfur á að gengi krónu verði áfram á svipuðum slóðum


Eftir 9% gengislækkun krónu á seinni helmingi ársins 2018 var gengi hennar á síðasta ári stöðugra á ýmsa mælikvarða en nokkurt annað ár frá því gengi krónu var látið fljóta í byrjun aldarinnar. Sviptingar í efnahagslífinu höfðu þannig mjög takmörkuð áhrif á gengisbrúunina í fyrra. Allt frá ársbyrjun 2019 fram til janúarloka 2020 hefur krónan sveiflast á u.þ.b. 6% bili með miðpunkt í grennd við vísitölugildið 180 m.v. gengisvísitölu Seðlabankans.

Svo virðist sem núverandi gengi sé innan þess raungengisbils sem samræmist innra og ytra jafnvægi í hagkerfinu. Enn fremur hafi helstu aðilar á markaði trú á að slíkt jafnvægi sé til staðar og muni líklega ríkja enn um sinn.

Við teljum því að óvissa um gengisbrúun komandi missera sé í stórum dráttum samhverf. Góðar líkur eru á því að gengi krónu verði áfram á svipuðum slóðum og verið hefur undanfarið ár, að því gefnu að ekki verði óvæntar og umtalsverðar breytingar á helstu áhrifaþáttum.


Verulegar verðlags- og launahækkanir hér á landi umfram nágrannalönd myndu hins vegar auka þrýsting á nafngengið til lækkunar þar sem þær leiða til samsvarandi hækkunar á raungengi að öðru óbreyttu og rýra því samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og þar með utanríkisviðskipti.

Gengisvísitala, gildi og flökt



Raungengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður

Vísitala og hlutfall af VLF





Verðbólga hófleg á spátímanum

Hægari hækkun íbúðaverðs, stöðug króna og fremur hófleg hækkun launa minnkar verðbólguþrýsting


Eftir skammlíft verðbólguþrýsting í kjölfar gengislækkunar krónu á haustdögum 2018 hjaðnaði verðbólga umtalsvert á árinu 2019. Í lok síðasta árs mældist verðbólga 2,0% og hafði þá ekki verið minni í tvö ár.

Hjaðnandi verðbólga á sér fyrst og fremst rætur í hægari hækkun íbúðaverðs, minnkandi áhrifum gengislækkunar 2018 á verð innfluttra vara og minni verðþrýstings frá innlendum vörum. Samsetning verðbólguþrýstings nú er gjörólik því sem var fyrir verðbólguþrýsting í hitteðfyrra en þá skýrði íbúðaverð meginhluta verðbólgunnar og áhrif hækkandi gengis krónu á innflutt verðlag vógu hvað helst á móti.


Útlit er fyrir hóflega verðbólgu á spátímanum. Teljum við að verðbólga muni haldast undir markmiði Seðlabankans á þessu ári og mælast að meðaltali um 2,2% en hækka lítið eitt yfir markmið á næsta ári og vera að meðaltali um 2,6% það árið og 2,7% árið 2022.

Helstu forsendur fyrir þeirri spá eru tiltölulega stöðugt gengi krónu næstu misserin, hófleg hækkun launa og aukið jafnvægi á íbúðamarkaði sem birtist í hækkun íbúðaverðs í takti við almennt verðlag í landinu.

Verðbólga og verðbólguþrýsting Seðlabankans %



Verðbólga eftir uppruna %





Frekari lækkun stýrivaxta í kortunum

Langtímavextir lægri á næstu árum en landsmenn hafa átt að venjast

Á árinu 2019 voru stýrivextir Seðlabankans lækkaðir um 1,5 prósentur eftir því sem verðbólguhorfur bötnuðu og dró úr spennu í efnahagslífinu. Raunstýrivextir lækkuðu þó mun minna.


Meginvextir bankans, vextir á sjö daga innlánam, eru nú 3,0%. Hafa stýrivextir ekki verið lægri frá því verðbólguþolmarkmið var tekið upp á vordögum árið 2001.

Við teljum að vextir eigi eftir að lækka frekar og gerum ráð fyrir a.m.k. einu lækkunarskrefi fyrir mitt þetta ár. Í kjölfarið spáum við að stýrivöxtum verði haldið í 2,75% út árið 2020 en taki að hækka að nýju á árinu 2021 samfara batnandi efnahagshorfum. Óvissan í þessari spá er fremur í þá átt að vextir gætu lækkað meira til skemmri tíma lítið og haldist lágir lengur.


Langtímanafnvextir eru nú u.þ.b. 3,2% og langtímaraunvextir 0,7%. Við gerum ráð fyrir að langtímanafnvextir muni verða lægri að meðaltali á þessu ári en þeir hafa verið síðan vextir voru gefnir frjálsir fyrir rúmum 30 árum. Bæði nafnvextir og raunvextir hækka lítillega á seinni hluta spátímans.

Spáum við því að langtímanafnvextir verði í kringum 4,1% og raunvextir nærri 1,2% undir lok spátímans. Langtímaverðbólguálag mun samkvæmt því verða í kringum 2,9% þegar kemur fram á árið 2022. Álagið er nú u.þ.b. 2,5% eftir talsverða lækkun á síðasta ári.

Verðbólga og stýrivextir



Vextir





Blikur á lofti...

Fjölmargar grundvallar áskoranir fyrir hagkerfið í upphafi nýs áratugar



Aðgengi að lánsfé:

Verður aðgengi að lánsfé, ekki síst meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nógu þjált samhliða breytingum í fjármálakerfinu?



Próun umhverfismála:

Hvaða áhrif getur hlýnun eða súrnun sjávar haft á íslenskan sjávarútveg og hvernig munu loftslagsbreytingar snerta ferðaþjónustuna?



Lægra vaxtastig:

Er lágt vaxtastig, bæði héraðs og alþjóðlega, komið til að vera? Verður erfiðara að ná ásættanlegri ávöxtun á langtímasparnað og munu fjárfestar líta í auknum mæli til áhættutöku?



Lægra fjárfestingarstig:

Ekki er augljóst hvar næsta fjárfestingarhrina ætti að vera nú þegar búið er að fjárfesta í helstu auðlindum landsins. Fylgir minni íbúðafjárfesting hægarí fólksfjölgun?



Breytt neyslumynstur:

Færir sjálfbær neysla og áhersla á upplifun í stað vörukaupa í aukana og hvaða áhrif mun það hafa á utanríkisviðskipti okkar og hagvöxt?



...en fjölmargar ástæður til bjartsýni á framtíðina

Stoðir hafa verið styrktar og lærdómur dreginn af fyrri mistökum

Góðu heilli eru fjölmargar stoðir íslenska hagkerfisins býsna sterkar um þessar mundir:

Veruleg afskuldun heimila, fyrirtækja og hins opinbera á undanförunum áratug hefur aukið fjárhagslegan viðnámsþrótt þessara aðila. Það dregur úr hættu á verulegum vanskilum og gjaldþrotum í einkageiranum þótt blási tímabundið á móti og eykur slagkraft hins opinbera til sveiflujöfnunar.

Fjármálakerfið er gerbreytt frá fyrri tíð og einkennist nú af varfærni og virku eftirliti. Það, ásamt höflegri skuldsetningu þorra almennings og fyrirtækja, minnkar líkur á fjármálakreppum og sveifluaukandi áhrifum útlánapróunar.


Jákvæð hrein erlend eignastaða Íslands og hófleg erlend skuldsetning ásamt myndarlegum gjaldeyrisforða Seðlabankans felur í sér að hætta á fjármagnsflotta með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á gengi krónu, verðbólgu og kaupmátt er miklu minni en verið hefur síðustu áratugin.

Íslenskur vinnumarkaður er óvenju sveigjanlegur í alþjóðlegum samanburði, atvinnuþátttaka mikil og atvinnuleysi lægra en gengur og gerist almennt meðal þróaðra landa.

Ólíkt ýmsum nágrannaríkjum höfum við borið gæfu til að safna í allmyndarlega sjóði til efri árána. Það dregur úr hættu á því að öldrun þjóðarinnar muni seinna meir reynast verulegur dragbitur á opinbera sjóði og íþyngja skattgreiðendum framtíðar óhóflega.


Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera

% af VLF




Erlend staða þjóðarbúsins

% af VLF




Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi

Starfandi, % af mannfjölda (v.ás) og atvinnuleysi, % af vinnuafli (r.ás)



Lífeyriskerfi

Sjóðsöfnunarkerfi og séreignarsparnaður, % af VLF árið 2018





Yfirlit þjóðhagsspár

Landsframleiðsla og undirliðir

Magnbreytingar frá fyrra ári %	Árið 2018		Spá	Spá	Spá	Spá
	í m.kr.	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	1.421.835	4,7	2,0	1,7	2,7	2,8
Samneysla	666.999	3,5	2,6	2,3	2,2	2,0
Fjármunamyndun	628.415	4,0	-5,6	5,2	2,2	2,5
Þ.a. atvinnuvegafjárfesting	398.105	-4,1	-14,9	6,1	3,5	3,5
Þ.a. íbúðarhús	121.323	16,2	30,4	2,5	-2,0	4,0
Þ.a. fjárfesting hins opinbera	108.988	28,3	-11,9	6,5	4,5	-3,0
Birgðabreytingar	10.726	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	2.727.975	4,6	0,0	2,6	2,5	2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	1.324.447	1,7	-6,6	0,4	2,0	2,2
Þ.a. útflutningur sjávarafurða	239.741	11,8	-3,5	1,0	1,9	1,7
Þ.a. afurðir álvinnslu	230.132	-1,4	-3,8	4,0	0,5	0,5
Þ.a. annar vöruútflutningur	144.219	10,4	11,0	-6,0	2,0	2,0
Þ.a. útflutningur þjónustu	710.356	0,4	-12,1	0,5	2,5	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1.240.417	0,8	-7,6	3,2	2,4	2,6
Þ.a. innflutningur vöru	776.922	-3,2	-6,5	3,8	2,7	2,8
Þ.a. innflutningur þjónustu	463.495	7,9	-9,6	2,1	1,9	2,1
Verg landsframleiðsla	2.812.006	4,8	0,3	1,4	2,3	2,4



Yfirlit þjóðhagsspár

Aðrar efnahagsstærðir

		Spá	Spá	Spá	Spá
	2018	2019	2020	2021	2022
<i>Sem % af VLF</i>					
Fjármunamyndun	22,3	21,6	22,4	22,3	22,3
Viðskiptajöfnuður	2,8	4,2	2,8	2,5	2,3
Vöru-/þjónustujöfnuður	3,0	3,2	2,1	2,1	1,9
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>					
Neysluverð	2,7	3,0	2,2	2,6	2,7
Laun	6,5	4,9	4,4	4,8	4,9
Íbúðaverð	8,0	3,4	2,9	3,0	3,4
Meðalgengi erlendra gjaldmiðla	4,0	8,6	0,0	0,0	0,0
Raungengi krónunnar m.v. verðlag	-3,0	-7,5	0,2	0,5	0,6
Kaupmáttur launa	3,7	1,8	2,2	2,1	2,1
<i>Ársmeðaltal (%)</i>					
Atvinnuleysi (könnun Hagstofu)	2,7	3,7	4,4	3,8	3,0
Gengisvísitala krónunnar	166,7	181,0	181,0	181,0	181,0
Stýrivextir SBÍ (7 d bundin innlán)	4,3	3,9	2,8	3,3	3,5
Langtímanafnvextir (RIKB 25)	5,4	4,2	3,4	3,8	4,1
Langtímaraunvextir (HFF 44)	1,8	1,0	0,9	1,1	1,2



Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf. Upplýsingar í skýrslunni eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni þeirra, áreiðanleika eða réttmæti. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðla. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

Önnur lönd

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: www.islandsbanki.is

Umsjón

Greining og fræðsla

greining@islandsbanki.is

Útgáfudagur: 29. janúar 2020